




tónlist

Hljómveitin Trabant er meðal þeirra sem fram koma á Glast onburý-hátíðinni þótt liðsmenn ætli ekki að sigra heiminn. » 45



af listum

Skyldi Sjálfstætt fólk II einhvern tímann líta dagsins ljós? Ingvaldur Geirsdóttir skrifar listapistil dagsins. » 45



aðall

Aðalsmaður vikunnar er Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari. Hann færir sem ljósa-staur á grímuball. » 47



kvikmyndir

Sjötta myndin um hnefaleikakappann Rocky er meðal þeirra mynda sem frumsýndar eru hér á landi í dag. » 53



fólk

Eflaust hlakka margir til 21. júlí næstkomandi en þá kemur sjöunda og síðasta bókin um Harry Potter út í Bretlandi. » 53

Vill skapa rými sem áhorfandinn getur hvergi annars staðar upplifað

Birta Guðjónsdóttir ríður á vaðið í nýrri sýningaröð Listasafns Reykjavíkur þar sem ungir listamenn verða kynntir til leiks. **Bergþóra Jónsdóttir** spurði Birtu um speglana hennar og stöðu áhorfandans í listinni.

Ný sýningaröð tileinkuð yngri kynslóð listamanna hefur göngu sína í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi í dag. Vettvangur listamannanna er D-salur Hafnarhússins og dregur sýningaröðin nafn sitt af honum. Sýningaröðin er framtíðarverkefni safnsins en með henni ætla Listasafn Reykjavíkur að vekja athygli á efnilegum myndlistarmönnum sem ekki hafa áður haldið einkasýningu í stærri söfnum landsins.

Listamennirnir vinna allir ný verk fyrir salinn og í lok hvers árs verður sýningunum fylgt eftir með útgáfu sýningarskrár.

Einhver verður þar

Fyrst til að sýna verk sín í D-salnum er Birta Guðjónsdóttir og ber sýning hennar yfirskriftina *Einhver verður þar*. Í frétt frá safninu segir að í innsetningu sinni noti Birta speglun og tálsýnir til að ögra upplifun áhorfandans af tíma og rými, og við biðjum hana að útskýra það nánar. „Þetta lýsir frekar því sem ég hef gert áður – ég hef unnið með speglanir í margvíslegum skilningi. Þetta er þema sem ég hef vikkað út með vísun í spegla sem eru inni í eldri gerð ljósmyndavéla – filmuvélum.

Þessi element koma þó líka fyrir í sýningunni nú. Hún samanstendur af ljósmyndum og vídeóverkum. Þetta er innsetning unnin fyrir rýmið; sjálfstæð verk sem mynda eina heild,“ segir Birta.

Sjálfspörtrettíð í formi ljósmynda hefur lengi verið viðfangsefni listakonunnar og á sýningunni eru tvær ljósmyndir sem vísa í skynjun á rými og þyngdaraflinu. „Ég nota ýmis trix sem eru svolítið í ætt við leikhús því ég hef nokkurn bakgrunn þar.“

Birta segir aðspurð að rétt sé að staða áhorfandans, upplifun hans og virkni sé mikið til umræðu í íslenskri myndlist og alþjóðlegri. „Útgangspunkturinn hjá mér er rýmið sjálft. Það er tilfinningin um að skjannarhvítt rými D-salarins fljóti og brengli rýmisskynjunina sem mig langaði að magna upp. Það er ákveðin upphafning, og í ætt við þær sýningar sem ég hef unnið áður. Það er allur gangur á því hvernig myndlistarmenn vinna úr slíkum hugmyndum, en ég leitast við að skapa rými sem áhorfandinn getur hvergi annars staðar upplifað sig í.“

Pakkhús postulanna upphafið

Soffía Karlsdóttir, deildarstjóri í Listasafni Reykjavíkur, segir að það sé safninu sönn ánægja að geta stutt við bakið á ungum listamönnum sem

sannarlega séu einbeittir í list sinni og vilja ná lengra. „Sýningaröð D-salarins má rekja til þeirra stefnu sem safnstjórinn Hafþór Yngvason hefur mótað og með því að leggja áherslu á að gera samtímamyndlist hátt undir höfði í Hafnarhúsinu. Þessi nýbreytni hóf göngu sína með sýningunni Pakkhúsi postulanna sem opnuð var í september á síðasta ári en segja má að listamenn þeirrar sýningar og listamenn D-salarins hafi álíkan bakgrunn, bæði aldurslega, menntunarlega og sýningarlega.“ Soffía segir það er von Listasafnsins að sýningin þar verði listamönnum enn frekari hvatning til að helga sig myndlistinni um ókomna tíð. Þeir sem sýna í D-salar röðinni fram á haust eru: Geirþrúður Hjörvar, Sigurður Guðjónsson, Daníel Karl Björnsson og Jóhannes Atli Hinriks-son.

Listamannaspjall á sunnudag


Birta Guðjónsdóttir útskrifaðist með MA-gráðu frá Rotterdam árið 2004. Sýningarstjóri á sýningu hennar er Ólöf K. Sigurðardóttir. Sýning Birtu stendur til 18. mars en á sunnudaginn kl. 15 bjóða Birta og Ólöf gestum í listamannsspjall.

TENGLAR

www.listasafnreykjavikur.is



Listakonan „Ég nota ýmis trix sem eru svolítið í ætt við leikhús.“ Birta Guðjónsdóttir.



Fljótandi „Þetta er innsetning unnin fyrir rýmið; sjálfstæð verk sem mynda eina heild,“ segir Birta.